


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

September 2026

Sólmyrkvi

Nær níu af hverjum tíu landsmönnum upplifðu sólmyrkvann þann 12. ágúst síðastliðinn.

Upplifðir þú sólmyrkvann þann 12. ágúst síðastliðinn?



Aðeins fleiri af íbúum höfuðborgarsvæðisins en landsbyggðarinnar upplifðu sólmyrkvann enda var almyrkvi á vestanverðu landinu en deildarmyrkvi víðast hvar.

Búseta *



* Marktækur munur


Flestir upplifðu sólmyrkvann heima hjá sér eða sex af hverjum tíu sem upplifðu hann á annað borð. Nær þrír af hverjum tíu upplifðu hann annars staðar í sínu bæjarfélagi en ríflega einn af hverjum tíu ferðaðist milli landshluta til að upplifa hann.

Hvar upplifðir þú sólmyrkvann? **



Fólk er líklegra til að hafa upplifað sólmyrkvann heima hjá sér eftir því sem það er eldra. Fólk milli fimmtugs og sextugs er líklegra en aðrir aldurshópar til að hafa ferðast milli landshluta til að upplifa myrkvann. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri en íbúar landsbyggðarinnar til að hafa upplifað myrkvann annars staðar í sínu bæjarfélagi en heima á meðan íbúar landsbyggðarinnar eru líklegri en íbúar höfuðborgarsvæðisins til að hafa upplifað hann heima eða ferðast milli landshluta til að upplifa hann.

Aldur *



Búseta *



* Marktækur munur

** Þeir sem upplifðu sólmyrkvann voru spurðir þessarar spurningar.


Nær sex af hverjum tíu upplifðu sólmyrkvann á höfuðborgarsvæðinu en um einn af hverjum tíu á Vesturlandi, Reykjanesi, Norðurlandi og svo annars staðar á landinu.

Á hvaða svæði upplifðir þú sólmyrkvann? **



Nær 85% íbúa höfuðborgarsvæðisins og næstum 11% íbúa landsbyggðarinnar upplifðu sólmyrkvann á höfuðborgarsvæðinu. Rúmlega 9% íbúa höfuðborgarsvæðisins og ríflega helmingur íbúa landsbyggðarinnar upplifðu hann á Vesturlandi, Reykjanesi eða Vestfirðum.

Aldur *



Búseta *



* Marktækur munur


Víðast hvar var skýjað meðan á sólmyrkvanum stóð og minna en þrír af hverjum tíu sem upplifðu hann notuðu sólmyrkvagleraugu.

Notaðir þú sólmyrkvagleraugu þegar þú horfðir á sólmyrkvann? **



Yngra fólk notaði frekar gleraugun en eldra fólk.

Aldur *



* Marktækur munur

** Þeir sem upplifðu sólmyrkvann voru spurðir þessarar spurningar.

Spurt var:

- Upplifðir þú sólmyrkvann þann 12. ágúst síðastliðinn?
- Hvar upplifðir þú sólmyrkvann? **
- Á hvaða svæði upplifðir þú sólmyrkvann? **
- Notaðir þú sólmyrkvagleraugu þegar þú horfðir á sólmyrkvann? **

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 13. ágúst - 1. september 2026. Heildarúrtaksstærð var 2.084 og þátttökuhlutfall var 38,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghóls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.

** Þeir sem upplifðu sólmyrkvann voru spurðir þessarar spurningar.